

SKÝRSLA STJÓRNAR FLUTT Á ÁRSPINGI KRAFTLYFTINGASAMBANDS ÍSLANDS 25.02.2023

Þingforseti

Ágætu þingfulltrúar

Þegar ég bauð mér fram til formanns í fyrra hafði ég að markmiði að dreifa verkefnum, dreifa ábyrgð, virkja sem flesta og nýta sem best þann mannauð sem við höfum í okkar hópi. Það hefur tekist bærilega miðað við þessa skýrslu.

Ég ætla að byrja á að þakka.

Starfsmönnum okkar, Auðuni og Láru. Þið hafið unnið fyrir kaupinu ykkar og vel það, eru lykilmál og hafið skilið eftir ykkur slóð af vel unnum verkefnum. Takk fyrir árið.

Stjórnarmönnum fyrir ótal klukkutíma og mýmörg handtök og fyrir að vera vakin og sofin yfir hagsmuni og velferð sambandsins. Þið vitið hvað þetta kostar. Ég veit hvað þetta kostar. Þetta er ekki alltaf þakklátt starf, en þið eigið þakklæti skilið og ég kem því hér á framfæri. Ég þakka fyrir hönd sambandsins og fyrir mína eigi hönd. Takk fyrir allt starfið, fyrir allar hugmyndirnar, fyrir alla uppörvandi jákvæðni og fyrir óbilandi stuðning í bliðu og stríðu.

Nefndarmönnum og formönnum í laganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd og dómarnefnd. Þið hafið tekið á ykkur ábyrgð og lagt á ykkur vinnu í þágu annara, staðið undir því og leyst verkefnum með sóma.

Það er gott að eiga samstarfsmenn sem maður veit að maður getur treyst, þegar hann eða hún segist ætla að sjá um þetta þá þarf ekki að hafa frekari áhyggjur af því!

Ég ætla að þakka Sigurjóni Péturssyni fyrir hans innkomur á árinu. Mörg gagnleg samtöl og ráðleggingar sem er mikils metið. Það er gott að eiga hauka í horni.

Ég ætla líka að þakka stjórn ÍSÍ fyrir samstarf og styrki og stuðning á árinu og starfsmönnum ÍSÍ fyrir skjót viðbrögð og aðstoð í alls konar málum.

Öll þessi vinna hefur skilað árangri og framförum sem ég ætla nú að tíunda ofan í ykkur.

MANNAUÐUR - SKRIFSTOFA

Stjórn sambandsins var þannig skipuð starfsárið 2022:

Gry Ek Gunnarsson formaður

Hinrik Pálsson varaformaður

Laufey Agnarsdóttir, ritari

Aron Ingi Gautason, gjaldkeri

Rúnar Friðriksson, Þórunn Brynja Jónasdóttir og Auðunn Jónsson meðstjórnendur.

Stjórnin hefur haldið 12 bókaða stjórnarfundir og einn fund með formönnum aðildarfélaganna frá síðasta kraftlyftingabingi og hafa flestir þeirra verið tölvufundir. Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, og stjórnarmenn hafa fundað með ýmsum einstaklingum, félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍF, ÍSÍ og afrekssjóði. Stjórnin hefur átt mikil, nánast dagleg, samskipti á Messenger og mörg mál hafa verið rædd og útkljáð þar og síðan færð til bókar.

Þrjú stjórnarmenn ganga úr stjórn á þessu þingi, þeir Auðunn Jónsson, Hinrik Pálsson og Rúnar Friðriksson. Auðunn gefur kost á sér áfram. Hinrik býður sig fram til formennsku, en Rúnar óskar ekki eftir endurkjöri, en vegna anna hefur hann ekki getað verið eins virkur og hann hefði viljað vera.

Sambandið hefur aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Lára Bogey Finnbogadóttir hefur viðveru á skrifstofu einu sinni í viku og eftir samkomulagi þar fyrir utan. Magnús Magnússon færir bókhalðið fyrir okkur og gerir ársreikning og vil ég þakka þeim báðum fyrir störfin

Á árinu hafa starfað eftirfarandi nefndir: dómaranefnd, laganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd og heiðursmerkjanefnd.

Formenn voru kosnir til tveggja ára 2022 og sitja því áfram.

Dómaranefnd: Daníel Geir Einarsson, Helgi Hauksson, Laufey Agnarsdóttir.

Laganefnd: Þórunn Vilbergsdóttir og Sigurjón Pétursson.

Mótanefnd: Ellert B Ómarsson, Arnhildur Anna Árnadóttir og Þórunn Jónasdóttir

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran, Helgi Hauksson, Auðunn Jónsson

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, Auðunn Jónsson, Guðjón Hafliðason.

Samkvæmt skilakerfi ÍSÍ eru skráðir félagar 1089. Það eru skil fyrir 2021 og gefur ekki endilega nákvæma mynd af stöðunni í dag. Á næsta ári, þegar öll félög eru komin með réttar skráningar inn í Sportabler fáum við skýrari mynd af raunveruleikanum eins og hann er. Ný deild var stofnuð á árinu. KA á Akureyri stofnuðu lyftingadeild þar sem menn iðka bæði kraftlyftingar og ólympískar lyftingar.

AÐSTÖÐUMÁL

Betri aðstaða til æfinga og mótahalds er ofarlega á óskalista flestra félagna bæði í kraftlyftingum og öðrum íþróttagreinum.

Ég ætla að óska Stjórnunni til hamingju með nýja aðstöðu í Miðgarði sem allir horfa öfundarauðum til, en ef einhver vill sannfærast um að góð aðstaða sé undirstaða og forsenda fyrir nýliðun og metnaðarfulla uppbyggingu er nóg að horfa þangað.

Ég vona að þetta verði öðrum sveitarfélögum hvatning til að gera betur við sína iðkendur.

Við fylgjumst, eins og aðrir, spennt með uppbygginguna í Laugardalnum sem framundan er og væntum að það muni líka koma okkur til góða.

ERLEND SAMSKIPTI OG SAMSTARF

Ísland á tvo starfandi fulltrúa í alþjóðastarfi. Sigurjón Pétursson situr sem varaforseti IPF og Gry Ek situr í stjórn NPF og er vefstjóri þar. Sigurjón gefur kost á sér áfram í embætti á þingi IPF í sumar og KRAFT hefur tilnefnt hann við IPF.

Þing NPF var haldið í Finnlandi 5.nóvember sl og sótti Hinrik Pálsson, varaformaður þingið fyrir okkar hönd. Á þinginu var aðild Færeyja samþykkt einróma.

Samstarfið innan NPF hefur verið hreinskilið og gott og hafa Norðurlönd við tvö tækifæri sent frá sér sameiginlegar yfirlýsingar og athugasemdir við framkvæmd mála hjá IPF og vegna ástandsins í Úkraínu. Stríð skall á í Úkraínu í byrjun ársins með hræðilegum afleiðingum. IPF, ÍSÍ og íþróttahreyfingin öll hefur gefið frá sér yfirlýsingar og gripið til aðgerða vegna þessa og höfum við stutt þær. Við sendum líka kveðju beint til Úkraínska sambandsins.

Þing EPF var haldið í Tékklandi 2.maí og var Auðunn Jónsson fulltrúi okkar.

Þing IPF var haldið í Suður-Afríku 5.júni og sótti Hinrik Pálsson þingið fyrir okkur.

Það er nauðsynlegt að taka virkan þátt í alþjóðastarfi, bæði til að fylgjast sem best með því sem er að gerast og til að hafa áhrif til góðs.

Forseti IPF, Gaston Parage, kom hingað í janúar sl i tengslum við RIG. Við notuðum tækifærið og náðum fundum við framkvæmdastjóra ÍSÍ og Íþróttabandalag fatlaðra. Sigurjón Pétursson, varaforseti IPF var með í för og skipulagði heimsóknirnar og skal honum þakkað fyrir það.

Á árinu var undirritaður samstarfssamning við ÍF og tveir SO keppendur fóru til Danmerkur og kepptu í kraftlyftingum í tengslum við HM. Við stefnum að auknu samstarfi og þátttöku fatlaðra iðkenda í fleiri mótum, bæði heima og erlendis.

IPF er í samstarfi við FISU, alþjóðlegt íþróttasamband háskóla, og skipuleggja kraftlyftingamót eins og t.d. Evrópubíkastmót háskólanema í mars nk. Þar sem skráning er ágæt. Þetta er vannýttur möguleiki hjá okkur, en margir iðkendur innan KRAFT eru háskólanemar og gætu nýtt sér þetta tækifæri. Stjórnin hefur sett málið á dagskrá hjá sér

LÖG OG REGLUGERÐIR

Tvær tillögur að lagabreytingu verða lagðar fram í dag. Þar er um minniháttar lagfæringar að ráða vegna breytts veruleika, engar stefnumarkandi grundvallarmál.

Í haust tók stjórnin sér vinnudag og fór yfir alla samninga og ferla vegna landsliðsmála. Í kjölfarið komu út nýjar reglugerðir og samningar sem hafa tekið gildi. Ég ætla ekki að fara yfir breytingarnar hér, en þetta var kynnt á formannafundi í haust og á fundi með

landsliðsmönnum í janúar sl. og er aðgengilegt á kraft.is

Í framhaldinu gerum við smá lagfæringu í texta afreksstefnu sem verður lögð fram til staðfestingar á eftir.

Keppnisreglur IPF hafa verið þýddar yfir á íslensku og birt á árinu. Þökkum Helga Haukssyni fyrir það.

Regluverkið er og þarf að vera í sífelldri endurskoðun hjá stjórn og undir liðnum Önnur mál munum við óska eftir umræðu um nokkur mál sem stjórnin hefur verið að velta fyrir sér og vil fá álit þingsins á.

MÓTAMÁL

Mótanefnd er alltaf vandi á höndum við að láta mótaskrákabalinn ganga upp, en hún vann vel og voru öll mót haldin. Einu sinni þurfti að breyta dagsetningu. Aðstaðan til mótahalds er misjöfn hjá félögunum, en menn lögðu sig fram og míkið á sig til að koma mótum í framkvæmd.

Fjölgun hefur verið í þátttöku undanfarið og er það í alla staði ánægjulegt. Það er þangað sem við stefnum, en um leið verður framkvæmdin þyngri. Á byrjendamótinu um daginn voru 34 keppendur skráðir.

Framundan er ÍM í mars. 76 keppendur eru skráðir til leiks þá helgi, en það er skráningarmet og áskorun fyrir mótshaldara og okkur öll. Upp í hugann kemur heimildin til að setja lágmörk inn á meistaramótin – eitthvað sem kannski þarf að skoða í framtíðinni.

Mótshaldari leggur til húsnaði og mannskap, sambandið hefur tekið til sín ábyrgð á dómaramálum, tölvumálum og streymi, en það þarf líka starfsmenn í stangarvörslu, ritarastörfum ofl og þetta vita allir. Ekkert félag hefur mannafla til að halda stór mót án aðstoðar. Ef þessi fjölgun heldur áfram, sem við vonum að hún geri, þurfum við í sameiningu að sjá til þess að mótin verði ánægjuleg fyrir keppendur og áhorfendur og framkvæmanleg fyrir mótshaldara, þar getur ekkert félag skorast undan.

Handbók móthaldara var gefin út á árinu og vonandi nýtist hún mótshöldurum vel.

Annað sem stjórn vil minna á að gefnu tilefni og tengist þessu er að félög beri ábyrgð á sínum keppendum á mótum. Aðstoðarmenn eru líka fulltrúar sinna félaga og verða að vera starfi sínu vaxnir. Sérstaklega þurfa nýliðir að hafa með sér góða og örugga aðstoðarmenn frá félaginu sínu, bæði ánægjunnar og öryggisins vegna.

MIÐLAR

Heimasíðan kraft.is fékk andlitslyftingu á árinu, uppfærslur og nýtt útlit. Við nutum þar aðstoðar Judy Fong. Síðan er hin opinberi vettvangur sambandsins og við þiggjum allar ábendingar um það sem má betur fara. Síðan hefur verið í höndum undirritaðs.

Laufey ritari hefur haft umsjón með Instagram og Facebook.

Sambandið heldur úti youtuberás og hefur mótum verið streymt þar.

Kraftlyftingaíþróttin hefur líka fengið heilmikla umfjöllun í fjölmiðlum bæði í fréttum vegna

móta og í viðtölum og umfjöllun um einstaka iðkendur sem allir hafa verið góðir fulltrúar íþróttarinnar.

FRÆDSLUMÁL OG HÆFILEIKAMÓTUN

Samningur er í gildi við Atlas endurhæfingarstöðu, Geir Gunnar Markússon, Agnes Árnadóttir, Erlendur Egilsson og Helgi Héðinsson í heilbrigðisteymi sambandsins. Fagteymið hefur sinnt einstaklingum og líka komið að fræðslu fyrir hópa. Í nýju landsliðsreglum er lagt upp með að allir landsliðsmenn nýti sér þessa þjónustu og kynni sér hvað er í boði og hvernig þeir geti best nýtt sér það.

Þrjár fræðslufundir voru haldnir á árinu, fyrir iðkendur aðallega landsliðsvali. Það var komið viðá við og fjallað um líkamlega heilsu, andlegan styrk, næringu, svefn ofl. Lyfjaeftirlitið var líka með erindi og svaraði spurningum.

Dómarapróf var haldið í febrúar og bættust þrjár nýir dómarar á listann. Helgi Hauksson fékk að þessu sinni aðstoð frá Laufeyju og Aron við prófahaldið.

Laufey Agnarsdóttir öðlaðist alþjóðleg dómararéttindi í september sl og fögnum við því

Kraftlyftingaþjálfara 1 námskeiðið hófst í fyrra og kláruðu fjórir námi sl vor.

Nýtt námskeið hófst sl haust og stendur yfir, en lokalotan verður í mars. Þar eru sex þátttakendur skráðir.

Márius Arnesen, norskur þjálfari hefur þróað efnið fyrir okkur og það hefur nú verið tekið í notkun líka hjá norska sambandinu.

Við erum að undirbúa Kraftlyftingaþjálfara 2 námskeið sem vonandi verður hægt að bjóða upp á fljótlega, en þetta nám allt er tengt þjálfaranámi ÍSÍ og menn þurfa að taka almenna hluta fræðanna þar.

Markmiðið er að auka fagmennsku í starfi félaganna, en það er líka stefna sambandsins að gera meiri kröfur til þeirra sem koma að landsliðsverkefnum um formlega menntun.

LANDSLIÐ OG AFREKSMÁL

Auðunn Jónsson starfar sem íþróttastjóri og er starfshlutfall hans 30%.

Róbert Kjaran er formaður landsliðsnefndar.

Gagnger endurskoðun var gerð á landsliðssamningum og reglugerðum í fyrra og nýir búningar voru teknir í notkun. Haldinn var formlegur fundur með landsliðsvalinu í janúar og samningar undirritaðir.

Við áttum 58 skráningar á 17 alþjóðamótum á árinu öllu með talið og árangurinn var mjög góður. Ég leyfi mér að efast um að nokkurt annað sérsamband geti státað af jafnmörgum titlum, alþjóðametum og verðlaunapeningum og við og er of langt mál upp að telja en kemur fram neðst í skýrslunni.

Kristín Þórhallsdóttir vann silfur samanlagt bæði á EM og HM og bætti Evrópumeti fjórum sinnum á árinu. Sóley Margrét Jónsdóttir vann sömuleiðis silfurverðlaun bæði á EM og HM í búnaði.

Lucie Stefanikova vann bronverðlaun í hnébeygu á HM og bætti í leiðinni Evrópumetið. Alex Cambrey varð stigahæstur karla á Vestur-Evrópumótið í kraftlyfting í búnaði. Guðfinnur Snær Magnússon vann bronsverðlaun í bekkpressu á HM í Danmörku.

Matthildur Óskarsdóttir og Alexandra Rán Guðnýjardóttur urðu heimsmeistar og evrópumeistarar unglunga í klassískri bekkpressu og Alexandra Rán vann silfur á HM unglunga í bekkpressu í búnaði. Fleiri unglingar gerðu góða hluti og unnu til verðlauna í sínum aldursflokkum, ekki síst á NM í Finnlandi.

Þessi velgengni vakti athygli. Kristín var tilnefnd í kjöri til íþróttamanns ársins annað árið í röð og kraftlyftingakeppendur hafa hlotið viðurkenningar víða í sínum félögum og héraðssamböndum og sveitarfélögum um land allt.

Kraftlyftingakona ársins 2022 er Kristín Þórhallsdóttir, Akranesi

Kraftlyftingakarl ársins 2022 er Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik

Stigahæsta liðið í kvennaflókki er LFK – 147 stig

Stigahæsta liðið í karlaflokki er Massi – 203 stig

Óskað var eftir tilnefningum í landsliðsverkefni 2023 eins og venjulega og ákváðum við að hafa lágmörk óbreytt.

AFREKSSJÓÐUR - AFREKSSTEFNA

Afreksstefna KRAFT var rædd á formannafundi í haust og liggur hér fyrir þingið til staðfestingar með einni minniháttar breytingu.

Afrekssjóður ÍSÍ veitti styrk til KRAFT árið 2022 eins og fram kemur í ársreikningi og mun gjaldkeri gera grein fyrir því í sínu máli.

Sambandið hefur fengið úthlutað styrk fyrir 2023 og er það verkefni næstu daga að ganga frá samningi. Þessi styrkur er undirstaða undir afreksstarfið og okkar ábyrgð að nýta hann til fulls. Síðasta setning skýrslunnar hefur verið copy-paste undanfarið ár. Ég vona, og hef reyndar ástæðu til að ætla, að þetta verður í síðasta sinn sem þetta verður lesið: Okkur hefur ekkert miðað í áttinni að því markmiði að finna fasta styrktaraðila fyrir sambandið.

Þá er upptalin helstu tíðindi af starfinu á þessu starfsári.

Ég vil aftur þakka öllum sem hafa komið að starfinu 2022.

Ég óska öllum heilsu og heilla og góðar bætingar á nýju ári.

Reykjavík 25.febrúar 2023

Gry Ek Gunnarsson

Formaður Kraftlyftingasambands Íslands

ÁRANGUR 2022

IWGA WORLD GAMES

Júlían J K Jóhannsson – superheavyweight – 9.sæti

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg flokki – silfurverðlaun

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg flokki – gull í hnébeygju

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg flokki – brons í bekkpressu

Guðfinnur Snær Magnússon - +120 kg flokki – 4.sæti

Guðfinnur Snær Magnússon - +120 kg fl – brons í bekkpressu

Alex Cambray Orrason – 93 kg fl - DQ

HM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg flokki – silfurverðlaun

Lucie Stefanikova – 76 kg fl – 8.sæti

Arna Ösp Gunnarsdóttir -63 kg fl – 15.sæti

Birgit Rós Becker -76 kg fl – 13.sæti

Viktor Samúelsson, -105 kg fl – 12.sæti

Friðbjörn Bragi Hlynsson -83 kg fl – 17.sæti

Alexander Örn Kárason -93 kg fl – 17.sæti

Lucie Stefanikova – 76 kg fl – brons í hnébeygju

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – silfur í hnébeygju

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – silfur í bekkpressu

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – brons í réttstöðulyftu

Lucie Stefanikova – 76 kg fl – evrópumet í hnébeygju 207,5 kg

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – evrópumet í hnébeygju 222,5 kg

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – evrópumet í hnébeygju 230 kg

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – evrópumet samanlagt 572,5 kg

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg fl – evrópumet samanlagt 580 kg

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir – +84 kg flokki – silfurverðlaun

Alex Cambray Orrason -93 kg flokki – 8.sæti

Guðfinnur Snær Magnússon +120 g flokki – DQ

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84kg flokki – gull í hnébeygju

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84kg flokki – brons í bekkpressu

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84kg flokki – silfur í réttstöðulyftu

EM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg flokki – silfurverðlaun

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg flokki – gull í hnébeygju

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg flokki – brons í bekkpressu

Kristín Þórhallsdóttir – 84 kg flokki – silfur í réttstöðu

Hilmar Símonarson – 66 kg flokki – 7.sæti

Viktor Samúelsson – 105 kg flokki – 12.sæti

Aron Friðrik Georgsson – 120 kg fl – 17.sæti

EM Í KLASSÍKRI BEKKPRESSU

María Kristbjörg Lúðvíksdóttir - +84 kg flokki - DQ

VESTUR-EVRÓPUKEPPNIN Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Hilmar Sigurðsson – 66 kg flokki – DQ

Arna Ösp Gunnarsdóttir – 69 kg flokki – 4.sæti

Þorbjörg Matthíasdóttir - +84 kg flokki – 5.sæti

Jón Dan Jónsson – 93 kg flokki – 6.sæti

Filippus Darri Björgvinsson – 120 kg flokki – 4.sæti

VESTUR-EVRÓPUKEPPNIN Í KRAFTLYFTINGUM

Alex Cambray Orrason – 93 kg flokki – gullverðlaun

HM UNGLINGA Í BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – 63kg flokki - silfurverðlaun

HM UNGLINGA Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – 63kg flokki - gullverðlaun

Matthildur Óskarsdóttir - 84kg flokki – gullverðlaun

HM DRENGJA Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Róbert Guðbrandsson – 120kg flokki – silfurverðlaun

Róbert Guðbrandsson – 120kg flokki – silfurverðlaun í hnébeygju

Róbert Guðbrandsson – 120kg flokki – bronsverðlaun í réttstöðulyftu

EM UNGLINGA Í KLASSÍSKRUM KRAFTLYFTINGUM

Alvar Logi Helgason – 93 kg fl – 19.sæti

Róbert Guðbrandsson – +120kg fl SUBJR – silfurverðlaun

Róbert Guðbrandsson – +120kg fl SUBJR – brons í hnébeygju

Róbert Guðbrandsson – +120kg fl SUBJR – brons í bekkpressu

Róbert Guðbrandsson – +120kg fl SUBJR – brons í réttstöðu

EM UNGLINGA Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – 63kg flokki - gullverðlaun

Matthildur Óskarsdóttir - 84kg flokki - gullverðlaun

EM UNGLINGA Í BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – 63kg flokki - silfurverðlaun

NM UNGLINGA Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – 63kg flokki - gullverðlaun

Matthildur Óskarsdóttir - 84kg flokki - gullverðlaun

Andri Fannar Aronsson – 74 kg flokki SUBJR – silfurverðlaun

NM UNGLINGA Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Matthildur Óskarsdóttir – 84 kg flokki – gullverðlaun

Kristrún Sveinsdóttir – 57 kg flokki – silfurverðlaun

Ragna Kristín Guðbrandsdóttir – 63 kg flokki – silfurverðlaun

Kolbrún Katla Jónsdóttir - 84 kg flokki – bronsverðlaun

Samúel Máni Guðmundsson - +120 kg flokki – silfurverðlaun

Gabriel Ómar Hafsteinsson – 120 kg flokki – bronsverðlaun

Emil Grettir Grettisson – 120 kg flokki – 5.sæti

Pedro Monteiro De Oliveira – 74 kg flokki – 5.sæti

Alvar Logi Helgason – 93kg flokki – 7.sæti

Eggert Gunnarsson – 105 kg flokki – 9.sæti

Gunnar Ragnarsson – 66 kg flokki SUBJR – silfurverðlaun

RIG

Matthildur Óskarsdóttir -84kg fl – evrópumet unglina í klassískri bekkpressu – 122,5 kg